

Mál nr. 158/2011
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 vegna B

Árekstur bifreiða á Suðurgötu í Reykjavík við hringtorg þ.30.3.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 15.4.2011 ásamt fylgiskjali 1-3
2. Bréf V-1 dags. 2.5.2011
3. Bréf V-2 dags. 2.5.2011 ásamt fylgiskjali 1-3

Málsatvik.

Árekstur varð á Suðurgötu í Reykjavík við hringtorg þar sem ökumenn beggja bifreiðanna ætluðu að aka inn á hringtorgið. Ökumaður A fólksbíls segist hafa ekið á hægri akrein Suðurgötu og ætlað að fara í ytri akrein hringtorgsins og þegar hún hafi ekið að hringtorginu við biðskyldumerkið hafi hún skyndilega heyrt brothljóð og séð að B sem er strætisvagn var ekið á vinstra framhorn A. Ökumaður B segist hafa ekið á vinstri akrein Suðurgötu og ætlað að fara í innri akrein hringtorgsins og hafi skyndilega orðið var við að hægri hlið B fór utan í framhorn A þegar B var ekið inn hringtorgið. Vitni sem var í A og er dóttir ökumanns A segir að B hafi ekið utan í A.

Álit.

Af ljósmyndum sem fyrir liggja í málinu að dæma, verður ekki annað séð en staðsetning A hafi verið með þeim hætti, að A hafi verið ekið vel inni á hægri hluta Suðurgötu þegar B ók framúr A og inn í hringtorgið. Þá verður framburður ökumanns B ekki skilinn með öðrum hætti en þeim að B hafi ekið utan í A. Sú frásögn fær auk þess stuðning í framburði farþega í A. Af ofangreindum ástæðum verður öll sök á árekstrinum lögð á ökumann B.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 24.5. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.